

MENNING

Myndlist og skipulag | Þrjár sýningar opnaðar í Hafnarhúsinu í kvöld

Guðrún Vera býður verur sín-
ar velkomnar til mannheimaEftir Bergþóru Jónsdóttur
begga@mbl.is

Hafþór Yngvason, nýráðinn safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, opnar þrjár sýningar í Hafnarhúsinu í kvöld. Af því tilefni mun Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri ávarpa opnunargesti.

Sýningarnar þrjár eru hver annarri ólík; Guðrún Vera Hjartardóttir sýnir ný verk; æskuverk Errós eru á annarri sýningu og sú þriðja ber yfirskriftina Hvernig borg má bjóða þér? Sú sýning er afkrastur samstarfs Listasafns Reykjavíkur og Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar og er ætlað að varpa ljósi á fortíð og framtíð skipulagsmála í borginni með áherslu á Vatnsmýrina.

Guðrún Vera hefur síðustu miss-erín skapað sérkennilegar verur – fólk, sem varla er hægt að kalla persónur, kynlausar, klæðlausar verur, sem á sýningu hennar í Gerðarsafni í fyrra mændu starandi, spyrjandi augum á mann og hreyfðu við manni á ýmsa lund, smágerðar, umkomulausar og nánast annars heims. Guðrún Vera segir að sýningin í Hafnarhúsinu verði þrískipt, og ná yfir inngang og tvö rými, sali C og D. „Þetta eru innsetningar, ferðalag úr einu rými í annað – efnið tengt en ótengt.“ En hvað með verurnar? Guðrún Vera bendir á föstur, sem hún segir ríma vel við nýafstaðið ástand hennar sjálf. Fóstrið er aleitt í rýminu og átakanlega ósjálfbjarga; hímur umkomulaust í hnippi í sínum fösturstellingum. „Ég veit ekki alveg með þetta föstur – það er hálf hörmulegt þarna, yfirlýst og hvítt. Það er einhver hryllingur í því og kuldi – andstætt því þegar börn eru að fæðast.“ Sýning Guðrúnar Veru ber yfirskriftina „Velkomin/n til mannheima“. Fóstrið sem liggur þarna kallar væntanlega á ólík viðbrögð áhorfenda, en ekki er ólíklegt að fleiri en blaðamanni finnst einmanaleiki þess í mannheimum kalla á hlýju og umhyggju. Það hlýtur jú að vera ákveðin skelfing að vera skyndilega varpað inn í víðáttur mannheimanna – og einmanalegt – jafnvel þótt veröldin sé full af fólki. „Jú, þetta er kannski fyrsta skrefið í hryllingnum. Heimurinn er tvíbetur – góður og illur, og þrátt fyrir umkomuleysið er fegurð í þessum aðstæðum verunnar.“

Ná ekki sambandi hver við aðra


Í stærri salnum eru sjö verur. „Þessar verur eiga í óbeinum samskiptum sín á milli, og þetta eru fyrstu verurnar mínar sem hafa kyn – þær hafa verið kynlausar hingað til, en eru nú komnar með typpi, brjóst og fleira – en þó svolítið afbrigðilegar. Ég er ekki frá því að það sé einhver hryllingur í þeim.“ Verur Guðrúnar Veru sem áður fyrir göndu á áhorfandann eru hættaðar því, en reyna þess í stað að ná sambandi hver við aðra. „Þessar verur eru komnar í mannheima, en ná ekki almennilega augnsambandi hver við aðra. Þessar verur eru allt öðru vísi en þær sem voru í Gerðarsafni.“

Guðrún Vera segist ekkert vita hvernig verurnar hennar eigi eftir að þróast. „Ég leyfi þeim að flæða frá mér algjörlega eins og þær vilja. Kannski fara þær í fót og komast lengra inn í veruleikann. Þær hafa verið svolítið draumkennar hingað til. Ég hef þó aldrei litið á þær sem persónur. Þær eru frekar staðgenglar fyrir eitthvað í persónunni, eins og þú nefndir með föstrið – að móðurtilfinningarnar vakni við umkomuleysið. Það er kannski eitthvað eins og einmanaleikinn sem veldur því að ákveðin figúra verður til, þótt myndin verði af veru.“ Sýning Guð-



Morgunblaðið/Porkell

Guðrún Vera Hjartardóttir og verur hennar í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi.



Á skipulagssýningu borgarinnar verður gólfögð fimmtíu fermetra loftmynd af Reykjavík, en auk þess verða sýnd módel, ljósmyndir, skipulagsdrög og teikningar af borginni.



Listamaður verður til, er yfirskrift sýningarinnar á elstu verkum Errós.

rúnar Veru stendur út árið.

Listamaður verður til, er yfirskrift sýningarinnar á elstu verkum Errós. Þar má sjá verk gerð frá barnaldri þessa mæta myndlistarmanns, þar til hann hélt sína fyrstu einkasýningu á Íslandi í Listamannskálanum árið 1957. Sýndar eru myndir sem hann gerði á uppvaxtarárum sínum á Kirkjubæjarklaustri, á námskeiði sem unglingur í Handiðaskólanum í Reykjavík og síðar sem fullgildur nemandi við þann skóla, ásamt myndum frá námsárum hans við Akademíuna í Ósló, Flórens og Ravenna. Öll verkin á sýningunni eru úr Errósafni Lista-

safns Reykjavíkur og gefa áhuga-verða mynd af hæfileikaríkum og vinnusömum ungum manni sem frá barnæsku einsetti sér að verða listamaður. Sýningarstjóri er Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir og varir sýningin fram á vor.

Hvernig borg má bjóða þér?

Á skipulagssýningu borgarinnar verður gólfögð fimmtíu fermetra loftmynd af Reykjavík, en auk þess verða sýnd módel, ljósmyndir, skipulagsdrög og teikningar af borginni.

Sýningunni er ætlað að vera opin vettvangur fyrir fagfólk og leikmenn til að skoða skipulag borgarinnar og

koma með hugmyndir að nýjum lausnum. Tilraunastofan Úrbanistan verður í safninu sem vettvangur fjölbreyttra tækifæra til að skiptast á og miðla hugmyndum um framtíðarborgina, til dæmis með því að senda inn mynd- og textaskilaboð í frítt símanúmer, 1855. Með þátttöku í sýningunni geta gestir því haft áhrif á þau gögn sem lögð verða til grundvallar alþjóðlegri hugmynda-samkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar. Sýningarstjóri er Ágústa Kristófersdóttir; sýningin stendur til 2. október og frítt í safnið á sýningartímabilinu. Einnig verður opið til kl. 22 öll fimmtudagskvöld.

Hvað er
Úrbanistan?

VIÐAMIKIL dagskrá verður um helgina í kringum sýninguna Hvernig borg má bjóða þér? sem opnuð verður í kvöld.

■ Í dag, föstudag, kl. 17

Leiklistargjörningur

Listasafnið tekur forskot á sýningaropnunina og býður gestum og gangandi að fylgjast með og taka þátt í leiklistargjörningnum Life/Theater Project, sem Bandaríkjamadurinn Lee Walton stýrir við Kjörgarð, Lauga-vegi 59.

■ Á morgun, laugardag, kl. 13–15

Orðið laust í Listasafninu

Á mælendaskrá eru Trausti Valsson, skipulagsfræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, Birna Þórðardóttir leiðsögumaður, Páll Björnsson, sagnfræðingur og lektor við Háskólann á Akureyri, og Paul F. Nikolov, blaðmaður á Grapevine. Eftir að þau hafa lokið máli sínu er orðið laust hverjum þeim sem vill taka til máls og svara spurningunni Hvernig borg má bjóða þér? Hver mælandi hefur fimm mínútur til umræða og hvetur Listasafnið þá sem áhuga hafa til að mæta og tala.

■ Á morgun, laugardag, kl. 15–17

Úrbanistan

Anna María Bogadóttir kynnrir tilraunastofuna Úrbanistan og aðstoðar gesti við borgartilraunir.

■ Sunnudag kl. 15–17

Úrbanistan og

Borgarhljóðsmiðjan

Kynning á Úrbanistan og Birgir Örn Thoroddsen aðstoðar unga sem aldna safngesti við gerð hljóðverka úr borgarhljóðum.

■ Sunnudag 18. sept. kl. 15

Sýningarstjóraspjall

Ágústa Kristófersdóttir, deildarstjóri sýningadeildar Listasafns Reykjavíkur, annast leiðsögn um sýninguna.

Hvað er Úrbanistan?

Úrbanistan er tilraunastofa sem er öllum opin og byggist á virkri þátttöku gesta og hins almenna borgara. Þar er borgin skoðuð eins og við upplifum hana á venjulegum degi. Í Úrbanistan verður fólki komið á sporið við að rannsaka og uppgötva borgina eins og hún kemur fyrir sjónir í hversdagslífinu. Með aðstoð borgaranna fara fram fjölbreyttar tilraunir í Úrbanistan allt sýningartímabilið, en meðal þeirra eru:

Augnablik í borginni

Sendið inn ókeypis texta- og myndskilaboð í síma 1855. Lítil og stór augnablik úr borginni birtast á sýningunni jafnharðan og þau berast. Hvatt er til almennrar þátttöku. Hvernig er Reykjavík til dæmis að innan? Allar niðurstöður verða birtar í lok sýningartímabilsins.

Kortlagning

Í Úrbanistan gefur að líta alls kyns kort af borginni og um leið gefst gestum tækifæri til að móta nýtt kort af borginni út frá huglægu mati á því hvar við finnum, kraft, innblástur og fólk í borginni.

Göngutúrar

Hvert hefurðu aldrei komið í Reykjavík? Með því að skapa skiptistöð fyrir göngutúra geta gestir deilt sínum uppáhaldsgöngutúr með öðrum og fengið uppskriftir að Reykjavík sem hægt er að prófa.

Hljóðmyndir í borginni

Hvernig hljómar borgin? Úrbanistan gefur nokkur dæmi um það. Þar gefst einnig tækifæri til að leika með eigin hljóðspor. Frítt er í Hafnarhúsið meðan á sýningunni stendur og opið er til kl. 22 öll fimmtudagskvöld.